

Alþingi
Erindi nr. P 131/1461
komudagur 22.4.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

20.04.2005

Umsögn Fiskistofu um frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla, 677. mál.

Fiskistofa telur þessa endurskoðun nógildandi laga tímabæra en bendir á nokkur atriði í frumvarpinu sem Fiskistofa telur umhugsunarverð.

2.gr.

Hér er skilgreining á uppboðsmarkaði en ekki er ljóst hvaða munur er á uppboðsmarkaði og fiskmarkaði né heldur hvort uppboðsmarkaður má hafa aðra starfsemi með höndum en að selja sjávarafla á uppboði.

3.gr. Skilyrði sem aðilar þurfa að uppfylla til að fá leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar varða ríkisfang, lögheimili, fjárræði og forræði bús. Engin takmörkun er á heimild aðila sem eru í útgerð eða fiskvinnslu þannig að seljandi afla, uppboðshaldarinn og kaupandinn geta verið einn og sami aðilinn.

4.gr.

Hér er vísað í lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla. Fiskistofa saknar tilvísunar í reglur um vigtun sjávarafla og þar með heimildar til sviptingar rekstrarleyfis ef brotið er gegn þeim reglum.

Fiskistofa bendir einnig á að í frumvarpinu er ekkert ákvæði sem felur Fiskistofu hlutverk við eftirlit með starfsemi uppboðsmarkaða nema hvað varðar heilnæmishlutann sbr. 4.gr.

Þórður Ásgeirsson
Fiskistofustjóri